

## Byggðamálaráð

### Fundargerð 15. fundar byggðamálaráðs Fjarfundur haldinn 4. febrúar 2021 kl. 13.00

#### Dagskrá:

1. Grænbók um byggðamál – umsagnir.
2. Vinna við hvítbók / þingsályktun – samhæfing og næstu skref.
3. Fimm ára aðgerðaáætlun.
4. Önnur mál.

**Mættir:** Ágúst Bjarni Garðarsson formaður, Hanna Dóra Hólm Másdóttir, Ingveldur Ása Konráðsdóttir, Karl Björnsson, Hermann Sæmundsson, Sigtryggur Magnason, Reinhard Reynisson og Hólmfríður Sveinsdóttir, sem ritaði fundargerð. Aðalsteinn Þorsteinsson boðaði forföll.

#### Umfjöllun og afgreiðsla:

##### 1. Grænbók um byggðamál – umsagnir

Grænbókin um byggðamál var í samráðsgátt stjórnvalda frá 29. desember til 25. janúar og bárust 18 umsagnir. Flestar, eða 13 talsins, komu frá sveitarfélögum og samtökum þeirra, þrjár frá hagsmunasamtökum, ein frá opinberri stofnun og önnur frá einstaklingi. Verkefnisstjóri fór yfir umsagnirnar sem eru almennt jákvæðar og uppbyggilegar og voru þær ræddar. Af umsögnum að dæma ríkir sátt um þá framtíðarsýn, helstu áskoranir og lykilviðfangsefni sem sett voru fram í grænbókinni. Það sama má segja um áherslur og leiðir til að ná fram framtíðarsýn og fylgja eftir lykilviðfangsefnum. Þá má jafnframt segja að sátt sé um stöðugreininguna sjálfa. Ráðsmenn höfðu fengið send drög að skýrslu um samráðið sem sett verður í samráðsgáttina.

##### 2. Vinna við hvítbók / þingsályktun – samhæfing og næstu skref

Upplýst var um framgang vinnu við gerð hvítbókar. Áhersla er lögð á samhæfingu við aðrar opinberar áætlanir. Með það að leiðarljósi hafa verið haldnir fundir með stjórnendum flestra ráðuneyta og stefnt á að ljúka þeim fundum á næstu dögum. Þá hafa verið haldnir fjöldi annarra funda til að ræða samhæfingu og einstakar aðgerðarhugmyndir. Áætlað er að hvítbók verði lögð í samráðsgátt upp úr miðjum mars, en áður verða haldnir samráðsfundir með stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál, landshlutasamtökum sveitarfélaga, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og alþingismönnum. Gert er ráð fyrir að drög að tillögu til þingsályktunar verði kynnt ráðherra í lok apríl.

##### 3. Fimm ára aðgerðaáætlun

Unnið er að drögum að fimm ára aðgerðaáætlun. Sú vinna tekur meðal annars mið að núgildandi byggðaáætlun, samráðsfundum, umsögnum um grænbók og samráði við önnur ráðuneyti.

##### 4. Önnur mál

Rætt var um aðgerð C.8 á byggðaáætlun, Efling fjölmiðlunar í héraði. Mennta- og menningarmála-ráðuneytið fer með ábyrgð á aðgerðinni og skv. byggðaáætlun er varið 5 m.kr. á ári til að efla staðbundna fjölmiðla utan höfuðborgarsvæðisins. Rætt um stöðu staðbundinna fjölmiðla um land allt í tengslum við Covid-19.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.00